

**Sþ.**

**1016. Þingsályktun**

um fyrirgreiðslu til eigenda svonefndra Svíþjóðarbáta.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að fela rikisstjórninni að gera ráðstafanir til þess, að svonefndir Svíþjóðarbátar fái haffærisskirteini með undanþágu í samræmi við 20. gr. laga nr. 78 11. júní 1938.

Einnig felur Alþingi rikisstjórninni að láta rannsaka fyrir næsta Alþingi, hve miklu eigendur nefndra báta hafa kostað til breytinga á þeim eftir kröfum íslenzku skipaskoðunarinnar, og hvort og að hve miklu leyti sanngjarnt er, að rikissjóður taki þátt í þeim kostnaði.